

870. fundur stjórnar GSÍ, 10. desember 2015, kl.18:00 haldinn í golfskálanum á Urriðavelli.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Rósa Jónsdóttir, Helgi Anton Eiríksson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði jafnframt fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 10. nóvember var lögð fram. Samþykkt að hún verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

2. Þinggerð golfþings

Lögð voru fram drög að þinggerð Golfþings. Samþykkt var að stjórnarmenn lesi yfir og komi með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund.

3. Verkaskipting stjórnar

Eins og fram kemur í lögum GSÍ skiptir stjórn með sér verkum og lagði forseti til að eftirtaldir stjórnarmenn tæku að sér eftirfarandi hlutverk:

Eggert Ágúst Sverrisson varaforseti

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri

Hansína Þorkelsdóttir ritari

Var það samþykkt einróma.

Þá lagði forseti til að eftirfarandi stjórnarmenn tækju að sér formennsku í nefndum:

Jón Júlíus Karlsson formennsku í mótanefnd.

Bergsteinn Hjörleifsson formennsku í útgáfunefnd.

Helgi Anton Eiríksson formennsku í afreksnefnd.

Gunnar Gunnarsson formennsku í laganefnd.

Kristín Guðmundsdóttir formennsku í fjárhagsnefnd.

Eggert Ágúst Sverrisson formennsku í fræðslunefnd.

Haukur Örn Birgisson formennsku í orðunefnd

Gert er ráð fyrir að í hverri nefnd starfi þrjár til fjórir einstaklingar og í starfsnefndum sé jafnframt leitað út fyrir stjórn. Eggert mun áfram sjá um verkefnastjórnun varðandi stefnumótun sambandsins og koma með tillögur að hópstjórum í hverjum markmiðshópi eins og á liðnum árum.

4. Ráðning framkvæmdastjóra

Rætt var um fyrirkomulag á ráðningu framkvæmdastjóra GSÍ. Samþykkt var að fela ráðningarskrifstofunni Hagvangi að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra og halda utan um ráðningarferlið í samráði við forseta. Auglýsa skuli starfið fyrir jóla og skal umsóknarfrestur vera til 15. janúar n.k.

5. Fulltrúi GSÍ í stjórn Forskots

Núverandi framkvæmdastjóri hefur verið fulltrúi GSÍ í stjórn Forskots og óskar forseti eftir stuðningi stjórnar við að hann taki við sem fulltrúi GSÍ í stjórn, nú þegar framkvæmdastjóri lætur af störfum. Var það samþykkt.

6. Kylfingar ársins 2015

Landsliðsþjálfari hefur óskað eftir því að ekki verði gengið frá vali á kylfingum ársins fyrr en að loknu úrtökumóti kvenna fyrir Evrópsku mótaröðina. Samþykkt var að fela afreksnefnd að koma með endanlega tillögu að vali á kylfingum ársins að loknu úrtökumótinu, sem borin yrði undir stjórn um leið og hún lægi fyrir.

7. Önnur mál

Forseti gerði grein fyrir að orðunefnd hafi ákveðið að veita Guðmundi Oddssyni, fráfarandi formanni GKG, gullmerki GSÍ og óskaði eftir samþykki stjórnar fyrir þeirri ákvörðun. Var það samþykkt einróma.

Framkvæmdastjóri GSÍ, Hörður Þorsteinsson þakkaði núverandi stjórnarmönnum og öllum þeim stjórnarmönnum sem hann hefur unnið með á liðnum árum fyrir samstarfið og óskaði núverandi stjórn til hamingju með kjörið um leið og hann óskaði Golfsambandi Íslands velfarnaðar á komandi árum. Forseti þakkaði framkvæmdastjóra fyrir hans störf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar fyrir hönd stjórnar í framtíðinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.